Brjef landshöfðingja *til amtsmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um skipun aðalpóstleiða um vesturamtið.** — Í þóknanlegu brjefi dagsettu 10. janúar þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda og amtsráðsins í vesturamtinu um það, hvar hentugast sje að aðalpóstleiðir liggi um sýslurnar í vesturamtinu, og skal hjer með ákveðið samkvæmt lögum um vegi 10. nóvember 1887. 6. gr., að aðalpóstvegir skuli *fyrst um sinn* liggja um vesturamtið sem hjer segir. **33.** 8. marz.

A. Aðalpóstvegur frá Reykjavík til Ísafjarðar.

1, um Mýrasýslu:
Frá Langholtsvaði á Hvítá—meðan hún er óbrúuð, — hjá Neðranesi, yfir Þverá, vestur hjá Hamrendum að Arnarholti. Frá Arnarholti yfir Norðurá á Hábrekkuvaði, upp Stafholtstungur hjá Laxfossi, gegnum Laxfosshraun, upp Norðurárdal að Hvassafelli; þaðan vestur Bjarnadal og Bröttubrekku.

2, um Dalasýslu:
Frá Bröttubrekku niður Sökkólfsdal og Miðdali, vestur hjá Harrastöðum, yfir Haukadalsá; þaðan vestur hjá Lækjarskógi og Þorbergsstöðum yfir Sauraleiti að Hjarðarholti. Frá Hjarðarholti yfir Fáskrúð og Glerá að Magnússkógum; þaðan fyrir ofan Ásgarð eptir Leysingastaðamelum, yfir Svínadal, ofan Hvolsdal, hjá Hvoli, ofan að Gilsfirði, utan til við Moldhóla, þá inn með Gilsfirði að sýslumótum Barðastandarsýslu.

3, um Barðarstrandarsýslu:
Frá sýslumótum Dalasýslu við Gilsfjarðarbotn með fram Gilsfirði, yfir Múlahlíð og Geirdalshrepp að Bæ í Króksfirði. Frá Bæ vestur yfir Reykhólahrepp fram hjá Hríshóli yfir Skógaháls, meðfram Þorskafirði að Kollabúðum og þaðan vestur Þorskafjarðarheiði að sýslumótum Ísafjarðarsýslu.

4, um Ísafjarðarsýslu:
Frá sýslumótum Barðastrandarsýslu á Þorskafjarðarheiði niður í Langadal og síðan niður Langadal hjá Kirkjubóli að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.

B. Aðalpóstvegur frá Reykjavík til Akureyrar.

1, um Mýrasýslu:
Sömu leið og aðalpóstvegurinn til Ísafjarðar upp á móts við Hvassafell í Norðurárdal; þaðan upp Norðurárdal hjá Dýrastöðum, Hvammi og Sveinatungu að Fornahvammi; þaðan norður Holtavörðuheiði að sýslumótum Strandasýslu.

2, um Strandasýslu:
Frá sýslumótum Mýrasýslu á Holtavörðuheiði (Hæðarsteini) yfir heiðina; niður hjá Grænumýrartungu og Melum í Hrútafirði og að Hrútafjarðará þar sem farið er yfir hana fyrir utan Mela á leið að Stað í Hrútafirði.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um skipun aðalpóstleiða um suðuramtið.** — Eptir að mjer hafa borizt þar að lútandi tillögur hlutaðeigandi sýslunefnda og amtsráðsins í suðuramtinu með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 11. jan. þ. á., skal hjer með ákveðið, **34** 8. marz